

Rannveig Þórhallsdóttir

Ársskýrsla Minjasafns
Austurlands



2003

Rannveig Þórhallsdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands

2003

Forsíðuna prýðir mynd af Sölva Aðalbjarnarsyni við eldsmíði fyrir utan Minjasafn Austurlands sumarið 2003. Eldsmíðin er hluti af sumardagskrá safnsins.

© Rannveig Þórhallsdóttir 2004
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2003
Skýrslur Minjasafns Austurlands XV
ISBN 9979-9576-3-8

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	3
OPNUNARTÍMI SAFNSINS	3
STARFSMANNAHALD.....	3
HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR.....	4
LIFANDI VETRARSTARFSEMI.....	4
SAFNAKENNSLA.....	4
SÝNINGAR.....	6
BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI	6
NÁMSKEIÐSHALD.....	7
LIFANDI SUMARSTARFSEMI.....	7
SUMAROPNUN	7
ÞJÓÐHÁTTADAGAR.....	8
SUMARSÝNINGAR OG 17. JÚNÍ	9
SAFNADAGURINN.....	9
ÝMIS STARFSEMI SAFNAHÚSSINS.....	9
KJARVALSHVAMMUR.....	9
GEIRSSTADAKIRKJA	10
FARSKÓLI SAFNMANNA.....	10
KYNDILMESSA F.Í.S.O.S.	11
HEIMSÓKNIR	11
ÞÓRISÁRKUMLIÐ	12
SAMSTARF SAFNA Á AUSTURLANDI.....	13
MIÐLUN.....	13
GESTAFJÖLDI.....	14
FORNLEIFARANNSÓKN.....	15
STJÓRNARSTÖRF	16
SAFNAUKI.....	17
INNLAÁN – ÚTLÁN	19
STYRKIR.....	19
LOKAORÐ.....	20

INNGANGUR

Það var dimmt yfir Minjasafni Austurlands í ársbyrjun 2003, þegar Skúli Magnússon safnvörður greindist með krabbamein. Skúli lést þann 8. maí 2003 eftir stutta sjúkdómslegu. Fráfall hans var snögg og mikið reiðislag fyrir þá sem eftir sátu.

Árið 1996 starfaði Skúli tímabundið á Minjasafni Austurlands og sá meðal annars um uppsetningu baðstofunnar frá Brekku í Hróarstungu. Einnig starfaði Skúli eitt sumar með Steinunni Kristjánsdóttur við fornleifauppgröft að Geirsstöðum. Hann byggði, ásamt eiginkonu sinni, Önnu Einarsdóttur, upp myndarlegt fashanabú að Tókastöðum. Var fashanaræktin frumkvöðlastarf og unnið af miklum áhuga og elju. Skúli var veiðimaður, stundaði hreindýra-, gæsa- og rjúpnaveiðar að staðaldri og vann einnig sem leiðsögumaður veiðimanna. Hann var fastráðinn á Minjasafni Austurlands í 50% starf árið 2001 og starfaði þar til æviloka. Skúli var lífsglaður, fróður og skemmtilegur maður sem verður sárt saknað af samferðarmönnum.



Skúli Magnússon með fashana að Tókastöðum.

OPNUNARTÍMI SAFNSINS

Minjasafn Austurlands var opið til sýninga frá 13.00-17.00 alla virka daga yfir vetrartímann, auk þess sem skrifstofa safnsins og móttaka gripa var opin á hefðbundnum skrifstofutíma. Yfir sumartímann voru sýningar safnsins opnar á milli kl. 11.00 og 17.00 alla daga vikunnar. Kaffisalan og krambúðin var opin á opnunartíma sýningarsalar og síðasti opnunardagur sumarsins 31. ágúst.

STARFSMANNAHALD


Safnstjóri, Rannveig Þórhallsdóttir, var í 100% starfi við fjármálastjórnun, starfsmannahald, sýninga- og auglýsingagerð og skipulagningu safnkennslu. Lára Guðlaug Jónasdóttir var í 86,5 % starfi yfir sumartímann, en hennar starfsvið var móttaka gesta, uppgjör á kassa, þýðing texta yfir á þýsku og sérverkefni. Var þetta þriðja sumarið sem Lára Guðlaug starfaði á safninu. Sigríður Lára Sigurjónsdóttir hóf störf sem safnvörður við skráningu og frágang safngripa þann 10. apríl í 50% stöðu og sinnti móttöku safngesta aðra hverja helgi yfir



sumartímann. Sigríður vann á safninu til ársloka 2003.
við forvörslu.

Sigga Lára

HÚSNÆÐISMÁL OG REKSTUR



Kostnaður við rekstur hússins var aðeins lægri en árið á undan, eða kr. 1.161.188. Geta má þess að viðhald húsnæðis er ekki talið með í þeirri upphæð. Árið 2002 fóru rúm 800.000 í viðhald húss, að stærstum hluta í bónframkvæmdir og uppsetningu filmu í glugga. Árið 2003 var viðhaldskostnaður kr. 366.276, að mestu fólgin í kostnaði við vinnu rafvirkja í lýsingu í sýningarsal. Ástand ljósanna var orðið mjög bágborið og nauðsynlegt að fá rafvirkja til að endurnýja perur í kösturum og mikill munur á ásýnd salarins eftir þá framkvæmd.

Á árinu hófst undirbúningur vegna færslu húseignarinnar að Laufskógum 1 inn í Eignadeild Austur-Héraðs. Þann 17. október kom starfsfólk frá Austur-Héraði til að gera úttekt á Safnahúsinu og undirbúa breytingarnar. Upp úr því var Bjarna Björgvinssyni hdl. falið að gera samning Húsfélagsins að Laufskógum 1.

Safnstjóri hitti þingmenn kjördæmisins 23. október og ræddi um málefni Safnahússins og nauðsyn þess að ljúka byggingu þess. Þingmennirnir bentu á að frumkvæðið yrði alltaf að koma heiman úr héraði, þannig að nú liggur boltinn hjá þeim aðildarsveitarfélögum sem safnið reka.

LIFANDI VETRARSTARFSEMI

SAFNAKENNSLA

Heildarfjöldi nemenda sem heimsóttu safnið við verkefna- eða vettvangsvinnu voru 544 og samstarf við skóla á svæðinu var með ágætum. Sett var upp sýning á árinu í tengslum við áfanga í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Þann 27. nóvember var lítil sýning sett upp á vegum nemenda í íslensku 403 við M.E. Unnið var út frá bókinni *Hibýlum vindanna* eftir Böðvar Guðmundsson og mættu um þrjátíu gestir á sýningaropnun. Nemendur unnu í hópavinnu að fimm mismunandi sjónarhornum á bókina. Meðal annars mátti sjá myndir af fjölskyldum er fluttu til Vesturheims, teiknaðar myndir af völdum atvikið í bókinni og ættartölu bókarinnar. Var þetta í annað sinn sem nemendur í íslensku 403 við M.E. unnu í samstarfi við Minjasafns Austurlands að uppsetningu sýningar, en í maí 2002 opnaði sýningin "Þó þú langförull legðir...", þar sem unnið var með sama efni. Jafnframt er þetta fimmta nemendasýningin á tveimur árum, sem sett hefur verið upp á Minjasafni Austurlands. Sjötta

nemendasýningin, rannsóknarverkefnið Saga Austurlands (saga 383 við M.E), er í undirbúningi, en vinna við það verkefni hefst í janúar 2004.

Nemendasýningar frá árinu 2001 á Minjasafni Austurlands:

- September 2001 *París um aldamótin*
Sýning Evu Óladóttur og Steinrúnar Óttu Stefánsdóttur, nemenda á Listabraut M.E.
- Október 2001 *Ítalskt menningarkvöld,*
Viðfangsefnið var *Ítalía á endurreisnartímabilinu*. Verkefnið byggðist á samvinnu sögunemenda hjá Birni Gísla Erlingssyni og listnemenda Ólafar Bjarkar Bragadóttur í M.E. Samstarf SAG303, LIM103, Minjasafns Austurlands.
- Maí 2002 *"Þó þú langförull legðir..."*
Viðamikil sýning um Vesturfara, samstarf við íslensku 403, M.E.
- Nóvember 2002 *Klausturlíf á Íslandi*
Sýning um líf í klastrum á Íslandi. Niðurstöður fornleifarannsóknar að Skriðuklaustri meðal annars notaðar við sýningarundirbúning. Samstarf við sögu 303, M.E.

Úr Egilsstaðaskóla komu grunnskólanemarnir Lilja Kristín Jónsdóttir, Elísa Guðgeirsdóttir, Þórlaug Gunnarsdóttir og Sigríður Þórhallsdóttir í starfsfræðslu á safnið á árinu. Þeim var kynnt starfssvið safnvarðar, þ.e. skráning og forvarsla, ásamt uppsetningu á lítilli sýningu.

Unnið var að safnfræðslu elstu deildar leikskólabarna ásamt starfsfólki á Leikskólanum Tjarnarlandi á Egilsstöðum. Leikskólakennarinn Bryndís Skúladóttir tengdi saman elsta hóp leikskólabarna á Tjarnarlandi og eldri borgara á Egilsstöðum í svokölluðum "gestaheimsóknum".

Heimsóknirnar fóru þannig fram að "gestur" tók á móti hópi leikskólabarna og sagði þeim frá lífsskilyrðum á uppvaxtarárum sínum. Markmiðið var að fræða leikskólabörn um menningu og samfélag elstu kynslóðarinnar í samfélaginu. Samtölin á milli barnanna og "gestanna" voru einlæg, markmið verkefnisins náðust og verðugt að halda samstarfi sem þessu áfram.



Árni Bjarnason "gestur" með hópi leikskólabarna.


Á árinu lauk Evrópuverkefninu C.A.M.S.I.A.D, en í því tóku þátt menntaskólanemarnir Steinrún Ótta Stefánsdóttir og Agla Stefánsdóttir, ásamt Höllu Ormarsdóttur, Unni Sveinsdóttur, Ruth Magnúsdóttur og safnstjóra Minjasafns Austurlands. Myndasýning og fyrirlestur um verkefnið var haldið á Minjasafni Austurlands að kvöldi 4. apríl.

SÝNINGAR

Marja Hietala, finnskur listanemi við *Southwest Finland Institute for Art, Craft and Design*, setti dagana 4-28 apríl upp sýningu um nálhús. Sýningin var sett upp í tengslum við *Menningardaga að vori* á Héraði.
Nálhúsið hennar
Mörju



Listasmiðirnir Edda, Hlynur og Fjölur í Listiðjunni Eik, Miðhúsum stóðu fyrir komu Mörju til landsins. Aðalnámsgrein Mörju var forn tækni og vann hún helst með bein, horn og við. Marja dvaldi að Miðhúsum og vann á daginn á safninu eða í Listiðjunni Eik að hönnun listaverka út frá íslenskum og finnskum þjóðararfi og fræddist um íslenska útskurðartækni. Marja gerði þá uppgötvun að gripurinn MA 132/1995, sem fannst að Skriðuklaustri árið 1995 væri líklega nálhús, af sömu gerð og notaðar voru af Sömum í Finnlandi. Samskonar nálhús eru þekkt í Grænlandi, Skandinavíu og Síberíu. Nálhúsin voru notuð fyrir daga klæðavasa, voru þau fest við belti notendanna og fylgdu þeim hvert sem þeir fóru. Marja útbjó samskonar nálhús og um ræðir og kallaði það *Glacier Woman*, eða *Jöklakonuna*.



BÓKAVAKA OG JÓLAGLEÐI

Bókavaka Safnahússins var haldin föstudaginn 7. desember í umsjá Bókasafns Héraðsbúa og Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Lesið var upp úr eftirfarandi bókum: *Andvökuskáld: Ævisaga Stephans G. Stephanssonar* eftir Viðar Hreinsson, ljóðabókunum *Leiðsögn um húsið* eftir Svein Snorra Sveinsson, *Tvær sólir* eftir Sigurð Ingólfsson, *Austfirsk skemmtiljóð* eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson og *Það er svo margt* eftir Einar E. Sæmundssen. Ennfremur var lesið úr *Linda: Ljós og skuggar* eftir Reyni Traustason, *Öxin og Jörðin: söguleg skáldsaga um Jón biskup Arason og syni hans* eftir Ólaf Gunnarsson, *Djúpivogur: siglt og róð um firði og eyjasund* eftir Ingimar Sveinsson, *Sögu Reyðarfjarðar 1883-2003*, eftir Guðmund Magnússon og *Fimmburarnir hennar Elínóru* eftir Guðjón Sveinsson. Eins og áður bauð Bókasafn Héraðsbúa upp á piparkökur og kaffi. Bókavökuna sóttu um tuttugu manns.

Hin árlega jólagleði var föstudaginn 12. desember. Arndís Þorvaldsdóttir flutti fyrirlestur um sögu jólakortsins á neðstu hæð. Dansað var í kringum jólatré á miðhæð, með tveimur alíslenskum jólasveinum. Krístrún Jónsdóttir bakaði lummur og skenkti kakó með



miklum myndarskap. Þó að jólagleðin væri frekar fámenn var hún góðmenn og ánægjuleg.

Dansað í kringum "einiberjarunn".

NÁMSKEIÐSHALD

Söfn á Íslandi geta með námskeiðshaldi endurvakið íslenskar hefðir á lifandi hátt. Starfsfólk Minjasafns Austurlands hefur, þótt fálið að sé, leitast við að sinna því hlutverki af alúð og á árinu var unnið að undirbúningi þriggja námskeiða, ásamt þjóðháttadagana, þar sem íslenskir hættir eru í hávegum hafðir. Dagana 13-14 júní hélt Guðmundur Bjarnason námskeiðið *Lesið í skóginn og tálgað í tré* í Listiðjunni Eik, Miðhúsum. Vel gekk að fá þátttakendur á námskeiðið sem tók tvo daga. Guðmundur kenndi handbrögð er tengdust tálgutækni í ferskan við, þar sem fór saman skógfræði og handverkskennsla. Námskeiðið mæltist vel fyrir og var stefnt á að halda framhaldsnámskeið í húsgagnagerð úr ferskum við að ári.

Fyrir jól voru tvö önnur námskeið á viðburðarskrá Minjasafns Austurlands. Handverkskonan Ríkey Kristjánsdóttir áætlaði að halda þann 22. nóvember námskeið í tvennskönar útsaumi í jólakort.

Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir, oft kölluð Hadda, ætlaði einnig að halda kertagerðarnámskeið 7. desember þar sem "steypt væri í strokk" og búin til bein kerti, kóngakerti og fleirarma kerti úr parafíni, einnig steipt tólgarkerti og rúlluð bívaxkerti. Því miður reyndist ekki næg þátttaka í hvorugu námskeiðanna og varð að aflýsa þeim af þeim sökum.



Guðmundur tálgumeistari að störfum.

LIFANDI SUMARSTARFSEMI

SUMAROPNUN

Trúbadorarnir Jódís Skúladóttir og Birna Sif Margrétardóttir léku frumsamin lög og gamla slagara við sumaropnun safnsins 1. júní. Minjagripasala safnsins var með álíka sniði og áður og átti Guðríður Valdimarsdóttir á Eskifirði stærstan hluta gripa sem voru í sölu þetta árið. Eftirgerð silfurhringanna frá Þórarinsstöðum á Seyðisfirði, frá Listiðjunni Eik - Miðhúsum hafa notið mikilla vinsælda. Bækur, rannsóknarskýrslur og smágripir voru einnig í sölu á safninu, sem og íslenska dúkkulísur sem Gréta Ósk Sigurðardóttir sérhannaði fyrir safnið. Tré- og bein gripir frá Braga Björnssyni í Fellabæ voru einnig seldir í afgreiðslu. Kaffiafgreiðslan á safninu hefur verið í nokkurskonar biðstöðu frá upphafi, þar sem ófullnægjandi skilyrði leiða til bráðabirgðaleyfis til kaffisölu. Er enn sem fyrr vísað til aðildarsveitarfélaganna ósk um að lokið verði við byggingu hússins.

ÞJÓÐHÁTTADAGAR

Hér má sjá svipmyndir frá þjóðháttadögum sumarsins. Ungur eldsmiður, Einar Vilberg Borgþórsson mundar hamarinn, Unnur Sveinsdóttir leiðbeinir við ýsubeinaútskurð og Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir (Hadda) kynnir íslenskan þrjónaskap. Aðrir viðburðir á þjóðháttadögum voru tínugerð, þar sem Hlynur Halldórsson og Edda Björnsdóttir frá Miðhúsum sýndu tínugerð úr birki, Sölvi Aðalbjarnarson sá um eldsmíði, Elsa Þorsteinsdóttir á Ketilstöðum fjallaði um íslenskan vefnað, Helgi Hallgrímsson fræddi sveppatínsluhóp um ýmsar gerðir matsveppa og Edda Björnsdóttir og Arndís Þorvaldsdóttir gengu með fólki um Selskóg og fjölluðu um notkun jurta á alþýðuheimilum.

Sumarið var viðburðarríkt og sneisafullt af viðburðum sem þessum. Í kringum þjóðháttadagana hefur safnast fastur kjarni þátttakenda. Vissulega hlýtur það að hafa áhrif á þátttöku í þjóðháttadögum að auglýsingarfé safnsins er af mjög skörum skammti. Safnstjóri hefur farið þá leið að senda fréttatilkynningar og tölvupóst til að kynna sumarstarfið, en ef auglýsingarfé væri meira væri hægt að ná til mun stærri hóps áhugamanna og kvenna um íslenskt handverk og hætti.

Sumarstarfsemi safnsins naut velvilja fjölda aðila. Atli í Harðfiskverkuninni Sporði á Eskifirði hefur “hleypt” safnstjóranum hvert vor í kör full af fiskihausum. Þar “pillar” safnstjóri efni úr ýsubeinaþunnildum, sem notuð eru síðan í ýsubeinaútskurð. Herðir hf. í Fellabæ hefur einnig sýnt safninu velvilja og gefið ýsubein til útskurðar. Mikils virði er að fá tækifæri til að nálgast hráefni sem þetta, því nærri ómögulegt er að fá ýsubein á annan hátt.



SUMARSÝNINGAR OG 17. JÚNÍ



Lára Vilbergsdóttir vann sem fyrr við undirbúning hátíðarhaldanna á 17. júní í ár. Leitað var til eldri borgara um að taka þátt í lifandi baðstofustemmningu og kom Þórhallur Björgvinsson á safnið til að kemba ull. Starfsfólk safnsins klæddist upp að íslensk-dönskum sið á 19. öld, þ.e. sem dönsk frú og þjónustustúlka. Sýning nemenda úr myndlistardeild Menntaskólans á Egilsstöðum var opin þennan dag á safninu og um 120 manns sóttu safnið heim, sem er óvenjulega góð aðsókn. *ÞórhallurBjörgvinsson.kembir í baðstofunni.*

SAFNADAGURINN

Í ár var safnadagurinn haldinn 14. júlí. Vakin var athygli í auglýsingum á víkingakumli, baðstofunni í Brekku, skrautsverði frá 17. öld, sýningunni “Mörk Heiðni og Kristni, íslenskum útsaumi, veiðivopnum og fornleifauppgreftinum að Skriðuklaustri.

ÝMIS STARFSEMI SAFNAHÚSSINS

KJARVALSHVAMMUR

Um 1950 byggði Jóhannes Kjarval sér sumarhús í svonefndum Kjarvalshvammi. Næstu tuttugu sumur dvaldi hann meira eða minna í hvamminum við listsköpun. Frá árinu 1995 hefur Minjasafn Austurlands séð um viðhald Kjarvalshvamms og var árið 2002 gengið frá samningi við landeigendur um hvamminn, í samráði við afkomendur Kjarvals og Austur-Hérað. Sumarið 2003 var farið að sjá allverulega á ytri byrði sumarhússins og bátaskýlisins. Á árinu fékkst styrkur frá Landsvirkjun í formi vinnuafis í verkefnaáætluninni “Margar hendur vinna létt verk”. Áætlað var að mála húsin í Kjarvalshvammi, ásamt því að fegra umhverfið eins og mögulegt væri, út frá því fjármagni sem fengist. Menningar sjóður KHB styrkti verkefnið um 50.000 kr. og Austur-Hérað greiddi fæðiskostnað



vinnuhópsins. Ástráður Magnússon húsasmíðameistari var ráðinn sem verkefnastjóri í framkvæmdum í Kjarvalshvammi. Framkvæmdirnar fólu í sér að sumarhúsið og bátaskýlið var málað, umhverfið hreinsað í samráði við Harald Helgason á Húsadeild Þjóðminjasafnsins, gert var við stiga og lagður göngustígur. Verkefnið var ennfremur unnið í samráði við Austur-Hérað og sá Guðmundur Bjarnason, garðyrkjustjóri Austur-Héraðs, um lagningu göngustígs. Daldís Ingvarsdóttir í Hlégarði sá um fæði vinnuhópsins í þær tvær vikur sem framkvæmdir stóðu. Með styrkjum tókst að halda framkvæmdum að mestu leyti innan fjárhagsáætlunar.

GEIRSSTAÐAKIRKJA

Um 675 manns rituðu nafn sitt í gestabók Geirsstaðakirkju árið 2003, sem verður að teljast einstök aðsókn að svo afskekktu kirkju. Á árinu var nauðsynlegt að sinna viðhaldi Geirsstaðakirkju. Hallgrímur Helgason frá Vopnafirði og sonur hans Snorri, sáu um viðgerðir þann 20. júní. Skipt var um torf á suðurhlíðinni, sem sá mikið á vegna sólbruna og röftum lyft að innan með steinum. Viðgerðarmenn tóku eftir því að veggir voru farnir að halla lítillga og mátu það svo að á næsta ári þyrfti einnig að tékka upp þekjuna og setja streng ofan á vegginn. Snorri lagði einnig fram hugmyndir að smíði auglýsingaskiltis og hóf vinnu við hönnun þess. Safnstjóri og Ásta Gísladóttir, sjálfboðaliði í viðhaldsvinnu, báru olíu eðalolíu á inn – og útwiði kirkjunnar 23 júní. Geta má þess að í ár voru greidd í fyrsta skiptið fasteignagjöld vegna Geirsstaðakirkju.



FARSKÓLI SAFNMANNA

Farskóli Félags Íslenskra Safna og Safnmanna var haldinn í Reykjanesbæ dagana 8-10 október, í umsjá Sigrúnar Ástu Jónsdóttur. Íslensku safnaverðlaunin voru afhent fyrsta dag farskólans við hátíðlega athöfn. Féllu þau skaut Ingu Láru Baldvinsdóttur sem starfar á ljósmyndadeild Þjóðminjasafns Íslands. Eftirfarandi erindi voru flutt í farskólanum fimmtudaginn 9. október: Jón Sigurpálsson fjallaði um ísfirsku aðferðina, Brynhildur Ingvarsdóttir um miðlun í safnastarfi og nýtt miðlunarsvið Þjóðminjasafns Íslands. Nathalie Jacqueminet fjallaði um samtímaminjar og fyrirbyggjandi forvörslu, Jóhann Ásmundsson sagði frá stafrænni skráningu, og fulltrúi Árbæjarsafns fjallaði um söfnun samtímaminja. Ennfremur kynnti Margrét Hallgrímsdóttir nýútkomna safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008. Hópurinn fór í kynnisferð um Garð, Sandgerði og Stafnes og lauk dagskránni á fimmtudeginum með hátíðarkvöldverði og árshátíð FÍSOS.

Föstudaginn 10. október fjallaði Rakel Pétursdóttir um grunnþætti í safnastarfsemi og söfn á Íslandi, Rakel Halldórsdóttir sagði frá nýjungum í safnastarfsemi, Inga Hlín Pálsdóttir fjallaði um markaðssetningu safna og lauk farskólanum með heimsókn í Saltfisksetrið í Grindavík.

KYNDILMESSA F.Í.S.O.S.

Dagana 21.-22. febrúar var haldið námskeið á vegum F.Í.S.O.S. og Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands varðandi sýningar og sýningagerð. Fjölmargir fluttu fyrirlestra tengda málefnum. Steinhórn Kári Kárasón, Listaháskóla Íslands, flutti fyrirlestur um tilgang, stefnur og strauma. Rakel Pétursdóttir, deildarstjóri Listaháskóla Íslands fjallaði um listasöfn og sýningar. Eggert Þór Bernharðsson flutti einstaklega áhugaverðan fyrirlestur um sýningar á byggðasöfnum landsins er bar heitið: Sagan til sýnis, farið um landið á 40 mínútum. Hafði Eggert Þór “tekið út” sýningar á byggðasöfnum víðsvegar um landið og fjallaði um kosti og galla þeirra. Var fyrirlesturinn mjög gagnlegur fyrir safnafólk, þar sem fengin var uppbyggileg gagnrýni frá fagmanni úr sagnfræðigeiranum. Guðrún Guðmundsdóttir, sýningarstjóri á Þjóðminjasafni Íslands fjallaði um undirbúning nýrra grunnsýninga á Þjóðminjasafni Íslands og Simon I. Hill, sýningarhönnuð hjá JANVS design group, Bretlandi, fjallaði um hönnun sýninga á söfnum. Unnið var í hópum með spurningar tengdar umfjöllunarefni dagsins og skiluðu hópar síðan niðurstöðum. Næsta dag hófst dagskráin með því að Björn G. Björnsson, leikmynda- og búningarhönnuður hjá List og sögu ehf., fjallaði um sýningar og leikmyndir og varpaði fram þeirri spurningu hvort söfn gætu nýtt sér aðferðir leikmyndahönnunar. Guðmundur Oddur Magnússon, oft nefndur Goddur, prófessor við L.H.Í., fræddi safnafólk um leturgerð og sýningar. Inga Rún Grétarsdóttir og Einir Guðlaugsson ræddu um sýningar á byggðasöfnum og viðhorf ungs fólks til þeirra. Halldór Gíslason, deildarforseti við L.H.Í. ræddi um sýningar í “fljótandi formi” og Alfreð Sturla Böðvarsson, ljóshönnuður Norðurljósa og Prem ehf. ræddi um tilgang lýsinga í söfnum. Þorvaldur Sverrison og Úlfur Eldjárn, starfsmenn Fastlands - auglýsingastofu, luku fyrirlestrum námskeiðsins með hugleiðingum um iðnaðarskálldskap og textagerð fyrir sýningar. Námskeiðið var virkilega áhugavert og náði að spanna ólíka þætti sýningargerðar. Lokapunktur námskeiðsins var árshátíð Félags Íslenskra Safna og Safnmanna, sem haldin var í Kornhlöðunni á Lækjarbrekku.

HEIMSÓKNIR

Á hverju ári sækir fjöldi fólks safnið heim. Tilgangurinn er margvíslegur: að skoða safnið, stunda rannsóknir á safngripum, fræðast um safnið eða kynnast landinu okkar. Geta má nokkurra veigamikilla heimsókna á árinu. Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir frá Akureyri, betur þekkt sem Hadda, sótti safnið heim í byrjun janúar, í tengslum við rannsókn hennar á textílmunum og handsníðuðum jólatrjáum, en hún dvaldi í byrjun ársins á Skriðuklaustri við rannsóknir.

Dagana 27. júní til 18. júlí dvöldu tvær stúlkur af vestur-íslenskum ættum, Dawn Dawnhaiko og Erin Johnson, á Egilsstöðum á vegum Snorraverkefnis. Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Minjasafn Austurlands sáu um skipulag og móttöku þeirra. Í þær þrjár vikur sem Dawn og Erin dvöldu á landinu unnu þær á Gunnarsstofnun, Héraðsskógum og í Safnahúsinu á Egilsstöðum. Dawn dvaldi hjá Sveini Vilhjálmsyni og fjölskyldu og Erin hjá Svandísi Rafnsdóttur.

Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir, sérfræðingur á Lista- og safnadeild hjá Menntamálaráðuneytinu, sótti safnið heim laugardaginn 15. nóvember. Tilefnið var að líta á gripi úr eigu fjölskyldu Ragnheiðar, en ættin var samankomin á Egilsstöðum vegna undirbúnings hátíðarhalda 100 ára afmælis ættföðurins Þórarins Þórarinssonar, skólastjóra á Eiðum. Áætlað var að halda upp á afmælið sumarið 2004.

ÞÓRISÁRKUMLIÐ

Helgi Örn Pétursson, forvörður á Þjóðminjasafni Íslands kom 22. maí til að gera úttekt á ástandi Þórisárkumslins, en Minjasafn Austurlands hlaut á árinu styrk úr Fornleifasjóði til að gera við og forverja Þórisárkumlið. Tilgangur úttektar Helgar Arnar var að meta ástand gripanna áður en forverðir frá Þjóðminjasafninu hæfu viðgerðir á kumlinu. Þeir gripir úr Þórisárkumlinu sem hafa verið í útláni á Minjasafni Austurlands síðan í maí 1996 eru eftirfarandi:

Þjms:	1995:357	beinagrind
	1995:358	hrossbein
	1995:359	brýni
	1995:360	brýni
	1995:361	grýta
	1995:362	steinn
	1995:363	perla
	1995:364	prjónn
	1995:365	sproti
	1995:366	peningur
	1995:367	perla

+ spjótsoddur
örvaroddur



Helgi lýsti aðstæðum sýningargripanna á þennan hátt:

“Gripirnir eru staðsettir í stórum sýningarkassa sem er í miðju rýminu og blasir við þegar komið er inn í sýningarsalinn. Kassinn smíðaður úr lerki frá Hallormsstað og er klæddur að innan með spónarplötum eða MDF. Hliðargluggar eru úr gleri en eftri gluggar eru úr plasti. Á botni kassans (fyllt upp að gleri) er jarðvegur en mosi til endanna. Mannabeinin (f. utan hauskúpu liggur á jarðvegi), brýni, grýta og járn, liggja á hrossgæru. Bronshlutir + silfurmynt liggja á plötu úr lerki -olíuborin? Hrossbeinin liggja á beint á jarðveginum.”(:1)



Helgi taldi ástand beina kumlbúans vera slæmt. Hann nefndi að beinin hafi verið tiltölulega illa varðveitt er þau voru grafin úr jörðu árið 1995, hauskúpan hafi verið í nokkrum hlutum, sprungin og afmynduð og efri tanngarður laus. Sagði hann beinin ekki hafa hlotið neina aktíva meðferð haustið 1995. Beinin voru sett á sýningu 1996 og við skoðun í maí 2003 hafi beinin verið mjög illa sprungin, þurr og skorpin. Ástæður slæms ástands beinanna taldi Helgi vera nokkrar: sólarljós hefði skinið inn í skápinn þar sem beinagrindin er staðsett, rakastigið væri of lágt og lerkið sem sýningarkassinn

er smíðaður úr innihéldi mikla sýru (of lágt pH gildi) og áhrifin gætu hafa magnast með tímanum í lokuðu rými. Jarðvegurinn í botni kassans gæti einnig haft mikil áhrif á rakastigið og stuðlað að þurru lofti inni í kassanum. Taldi Helgi hrossbeinin vera mun betur farin. Mat Helga á öðrum gripum er eftirfarandi:

“Koparhlutir virðast í lagi. “Bronse disease” (brons-sýki) ekki greinileg, utan örfína ljósgræna bletti á sprota (1995:365)), sem gætu eins hafa verið á yfirborðinu við uppgröft. Silfurpeningur með svart yfirborð -> silfur sulfíð Ag_2S . Járníð hefur verið sandblásið og vaxborið, umfram vax var hins vegar ekki fjarlægt nægilega. Spjótsoddur með 3-4 smáum $\beta\text{-FeOOH}$ blettum auk appelsínugulri húð undir vaxi -> aktíf tæring hefur átt sér stað á afmörkuðum svæðum. Örvaroddur í góðu lagi. Steinhlutir og perlur í góðu ástandi”(2)

Helgi lagði til að forverðir myndu styrkja bein með paraloid B72, beinum yrði dýft í lausnina og látin liggja þar til ekki fleiri loftbólur myndast. Hann lagði einnig til að hauskúpa yrði endurbyggð og brot límd með ca. 40% paraloid B72 og hlutar með lítlum snertiflöt styrktir með japanspappír eða grisju. Helgi taldi ennfremur að viðgerð á stærri svæðum sem hefðu verpst með hita og raka myndi líklega ekki svara kostnaði, þ.e. gæti tekið mikinn tíma og ekki víst að ásættanlegur árangur náðist. Viðgerðin var áætluð taka 30-50 klst. Niðurstaða Helga var að ef gripirnir ættu að vera áfram til sýnis á Minjasafni Austurlands þyrfti að búa þeim betri skilyrði og fá betri sýningarskáp. *Helgi metur ástand beinanna í Þórisárkumlinu.* Styrkveitingunni úr Fornleifasjóði var frestað til ársins 2004, enda ljóst að forverðir Þjóðminjasafnsins myndu ekki ná að forverja beinin á árinu 2003.



SAMSTARF SAFNA Á AUSTURLANDI

Á árinu stóð Menningarráð Austurlands fyrir því að kalla saman safnafólk á Austurlandi, þ.e. þá sem starfa við söfn, setur, stofur á sýningar á svæðinu. Markmiðið var að endurvekja þróunarvinnu í safnamálum fyrir Austurland. Mikil gróska ríkir í safnamálum á svæðinu og var safnastarf í fararbroddi á landsvísu í mörg ár. Hafði samstarf milli safna á Austurlandi staðið yfir um árabil að tilstuðlan Safnastofnunar Austurlands, en hætt er stofnunin var lögð niður.

Fyrsti vinnufundurinn var haldinn á Breiðdalsvík 27. mars og var mjög góð mæting – mætti fólk frá Þjóðgarðinum í Skaftafelli norður í Bustarfell í Vopnafirði. Stefnt var á að gefa út bækling með upplýsingum um öll söfn á Austurlandi. Kom bæklingurinn út í júní, útgefendur voru Menningarráð Austurlands og Markaðsstofa Austurlands og umsjón, hönnun og umbrot var í höndum Athygli.


MIÐLUN

Starfsemi safnsins er miðlað til almennings í gegnum ársskýrslur, fréttatilkynningar til blaða og sendingum á tölvupóstlista. Einnig er upplýsingar, fundargerðir, ársskýrslur og fréttir að finna á heimasíðu safnsins; www.minjasafn.is. Ritsmíðar í blöð getur


einnig verið góð leið til að kynna starfsemi safnsins. Safnstjóri hefur jafnan í gegnum árin sent greinar um merka muni og ýmsa starfsemi safnsins í Múlaþing og Gletting, sem eru bæði rit er tengjast sagnfræði, menningu og náttúrufræði á Austurlandi. Nefna má að í byrjun ársins tók safnstjóri, Rannveig Þórhallsdóttir, sæti sem varamaður í ritstjórn Glettings.

GESTAFJÖLDI

Gestafjöldi á árinu 2003 var 2.158 manns, sem er 4,5 % fækkun frá árinu 2002.



Af heildar gestafjölda teljast 865 íslendingar (40%), 178 börn ein eða í fylgd með fullorðnum (8%), 544 gestir með skólahópum (25%), og 571 erlendir gestir (27%). Erlendum gestum og skólahópum fjöldar á milli ára. Í samvinnu við Markaðsstofu Austurlands var um vorið tekið á móti norrænum hópum úr Norrænu. Hóparnir voru í dagsferð til landsins og litu við á safnið í ýsubeinaútskurð og leiðsögn í örstuttri ferð sinni um landið.



Aðsókn safngesta, mánaðarleg dreifing 2003.

FORNLEIFARANNSÓKN

Eftir Steinunni Kristjánsdóttur

Árið 2003 var annað ár fornleifarannsókna á Skriðuklaustri en uppgröftur hófst þar sumarið 2002. Grafið var í rústir klaustursins tvo mánuði bæði sumrin og er árangur frá báðum sumrum mikill. Um 1000 gripir hafa verið skráðir samanlagt og byggingar klaustursins eru byrjaðar að taka á sig mynd.

Skriðuklaustursrannsóknir fengu úthlutað 7 milljónum króna úr Kristnihátíðarsjóði til rannsókna árið 2003, sömu upphæð og úthlutað var til verkefnisins árið áður. Auk þess fékk verkefnið úthlutað tæpum 800 þúsundum króna úr öðrum sjóðum, auk vinnuframlags sem úthlutað var vegna styrks úr Leonardo áætlun Evrópusambandsins. Endurnýjaður var samstarfssamningur við Istituto per la Valorizzazione del Legno e delle Specie Arboree (IVALSA – Center for National Research) um vistfræðigreiningar og forvörslu á uppgraftrarstað. Þrír sérfræðingar unnu við uppgröftinn frá stofnuninni, auk þess sem stjórnandi samstarfsins fyrir hönd Ítalíu sótti Ísland heim og flutti fyrirlestur á Skriðuklaustri. Einnig var endurnýjaður samningur við Þjóðminjasafn Íslands um forvörslu gripa, svo og nýr samningur gerður við Landsvirkjun um leigu á vinnubúðum með gisti- og eldunaraðstöðu á Teigi í Fljótsdal fyrir starfsfólk. Aðrir styrktaraðilar voru Héraðsskógar á Egilsstöðum sem lánuðu verkefninu vinnuskúr og gáfu eldivið til upphitunar í honum. Klausturkaffi á Skriðuklaustri veitti verkefninu góðan afslátt á hádegisverði starfsmanna á meðan á uppgreftinum stóð, auk þess sem Gunnarsstofnun lét því í té endurgjaldslaust aðstöðu til að þvo, ganga frá og forverja gripi, auk skrifstofuaðstöðu með aðgangi að tölvu og interneti.

Uppgröftur sumarið 2003 hófst á Kirkjutúninu á Skriðuklaustri mánudaginn 23. júní og stóð hann til föstudagsins 22. ágúst. Unnið var við uppgröft alla virka daga. Þegar illa viðraði til útvinnu unnu starfsmenn uppgraftrarins við pökkun og frágang á gripum. Starfsmenn uppgraftrarins voru 12, auk verkefnisstjóra, Steinunni Kristjánsdóttur, sem verkstýrði uppgrefti. Einn starfsmaður sá um leiðsögn um uppgraftrarsvæðið en tæplega 700 gestir sóttu það heim nýliðið sumar. Þeir sem unnu við uppgröftinn voru eftirtaldir:

1. Jón Ingi Sigurbjörnsson, MA. sagn- og félagsfræði. Nemi í MA námi í fornleifafræði við Háskóla Íslands.
2. Stefano Paci, fornvistfræðingur og fornleifafræðingur.
3. Giuseppe Venturini, forvörður við forngripasafnið í Flórens (Soprintendenza ai Beni Archeologici per la Toscana).
4. Sófus Jóhannsson, BA. sagnfræði.
5. Ragnheiður Gló Gylfadóttir, BA. mannfræði. Nemi í MA námi í fornleifafræði við Háskóla Íslands.
6. Albína Hulda Pálsdóttir, 2. árs nemi fornleifafræði við Háskóla Íslands.
7. Robin Webb, 1. árs nemi í fornleifafræði við Háskólann í Sheffield.
8. Clarissa Cagnato, 2. árs nemi í fornleifafræði við Háskólann í Leicester.
9. Karen Rogers, 2. árs nemi í fornleifafræði við Queen's University, Belfast.
10. Hilary Sanders 3. árs nemi í fornleifafræði við Háskólann í Sheffield.
11. Cristina Bastiani, stundar nám í miðaldasögu í Flórens.
12. Dr. Sigurður Ingólfsson bókmenntafræðingur, leiðsögumaður.



Aftari röð talið frá vinstri: Sigurður, Robin, Sófus, Hilary, Ragnheiður og Stefano. Fremri röð talið frá vinstri: Clarissa, Karen, Albína, Steinunn og Cristina. Krjúpandi fremst: Jón Ingi og Giuseppi.

Margir merkir gripir hafa fundist nú þegar við uppgröftinn á Skriðuklaustri sumurin 2002 og 2003. Einnig hafa verið gerðar greiningar af ýmsu tagi. Fundist hafa skýr ummerki þess að unnið hafi verið við skriftir og jafnvel bókagerð í klaustrinu, enda gefa ritaðar heimildar sterklega til kynna að svo hafi verið. Merkst er þó uppgötvun lítillar kapellu í rústum klaustursins en til þessa hefur það þótt ráðgáta hvar bænahald þróa og munda Skriðuklausturs fór fram fyrstu áratuginu eftir stofnun þess árið 1493. Klausturkirkjan sjálf var ekki vígð fyrr en árið 1512.

Niðurstöður benda til þess að byggingar klaustursins á Skriðu hafi borið svipmót annarra evrópskra klausturbygginga frá miðöldum en hingað til hefur verið talið að íslensk klaustur hafi líkst bæjarhúsum stórbænda. Einnig eru byggingar þess greinilega aðskildar frá veraldlegum umsvifum á Skriðubænum, byggðar í einn hnapp, með kapellu, kirkju og líklega klausturgarði, auk lítilla herbergja umhverfis hann.

Rannsóknir á Skriðuklaustri verður haldið áfram sumarið 2004 en reiknað er með að uppgreftir þar ljúki haustið 2006.

STJÓRNARSTÖRF

Í stjórn safnsins á árinu 2003 sátu Þórey Hannesdóttir (Fellahreppi) formaður, Kristjana Björnsdóttir (Borgarfirði eystra) varaformaður, Ásmundur Þórarinnsson (Norður Héraði) ritari, ásamt Írisi Lind Sævarsdóttur (Austur-Héraði) og Hákonni Aðalsteinssyni (Fljótsdalshreppi) meðstjórnendum. Varamenn voru Þorsteinn Gústafsson (Fellahreppi), Björn Aðalsteinsson (Borgarfirði eystra), Ingifinna Jónsdóttir (Norður Héraði), Emil Björnsson (Austur-Héraði) og Gunnar Jónsson (Fljótsdal).

Haldnir voru fimm stjórnarfundir á árinu. Helstu umfjöllunarefni á stjórnarfundum ársins voru fjársáætlun safnsins, ársskýrslur og aukafjárveiting vegna kaupa á nýjum tölum. Einnig var rætt um ráðningu safnvarðar eftir fráfall Skúla

Magnússonar. Í lok ársins var auglýst eftir safnverði í 50 % og sóttu fjórir um starfið. Var Anna Valgerður Hjaltadóttir ráðin og ráðgert að hún myndi hefja störf í ársbyrjun 2004. Ennfremur var ákveðið á árinu að launaumsjón Minjasafns Austurlands myndi færast til Austur-Héraðs, sem mun auðvelda safnstjóra dagleg störf.

SAFNAUKI

Á árinu voru nýskráningar 312 talsins. Gefendunum Stefánný Nielsdóttur og Árna Halldórssyni, Oddi Sigfússyni og Sigríði Ingvadóttur, Þorbirni Bergsteinssyni og Þorbjörgu Bergsteinsdóttur, Sigurlaugu Kristínu Eyjólfsdóttur, Austrá - vikublaði, Stefáni Björgvini Guðmundssyni og Hallveigu Guðmundsdóttur, Hermann Einarssyni, Benedikt Vilhjálmssyni, Agnesi Svanbergsdóttur, Guðmundi Þorleifssyni, Margréti Björgvinsdóttur, Sigurbjörgu Sigbjörnsdóttur, Garðari Stefánssyni og Ernu Elíasdóttur, Rannveigu Hrund Vernhardsdóttur, Nönnu Sigurðar, Brynjúlfi Bergsteinssyni, Þórhildi Jónasdóttur, Fjölni Birni Hlynssyni, Gunnlaugi Árnasyni, Ólöfu Mögnu Guðmundsdóttur, Þuríði Guðmundsdóttur, Finni Þorsteinssyni, Sveini Árnasyni, Finni N. Karlssyni, Ármanni Guðmundssyni og Guðfinnu Sigurbjörnsdóttur, Helgu Stefánsdóttur, Margréti Halldórsdóttur, Sveini Ingimari Björnssyni, Kristjáni Gissurarsyni og Bjarney Bjarnadóttur, Guðmundi Björnssyni, Braga Kristjánssyni, Guðlaugu Ólafsdóttur, Hjörleifi Guttormssyni og systkinum, Hótel Valaskjálfi, Huldu Brynjólfssdóttur, Þórhalli Sigurðssyni, Austur-Héraði, Jóni Péturssyni, Stefáni Þórarinssyni, Sigrúnu Björgvinsdóttur. K.H.B., Kristínu Beck, Huldu Matthíasdóttur, Kristbjörgu Selnes og Gunnþórunni Hvönn Einarssdóttur eru þakkaðar góðar gjafir til safnsins.

Nú verður fjallað stuttlega um stærri gjafir til safnsins á árinu. Sótti voru munir úr eigu Vikublaðsins Austrá, samtals 22. gripir, flestir tengdir skrifstofustarfsemi blaðisins, þar af nokkrir gripir er tengjast framköllun ljósmynda. Jafnhliða því að gripirnir kæmu inn á minjasafnið fór fjöldi ljósmynda frá Austrá á Ljósmyndasafn Austurlands. Þorbjörn og Þorbjörg Bergsteinsbörn gáfu samtals 26. gripi á safnið á árinu. Voru gripirnir úr búi systkinanna og foreldra þeirra.

Oddur Sigfússon og Sigríður Ingvarsdóttir færðu safninu sérlega áhugaverðan grip, er tengist nafntogaðri afturgöngu í Felli: Staffells-Möngu. Í lifanda lífi hét hún Margrét Árnadóttir og var talin hafa verið veik á geði. Árið 1870, í byrjun jólafestu, áttu eftirfarandi atburðir sér stað: Margrét gekk fram Klaufir frá Hafrafelli, austan Langavatns, sem sást frá Staffelli. Brotnaði ís undan Margréti á Langavatni og gat hún enga björg sér veitt og hékk þar lengi dags. Fóru menn bæði frá Staffelli og Hafrafelli með grindur, borð og bönd og reyndu að bjarga henni, en gekk það ekki. Druknaði Margrét um nóttina og ekki var hægt að slæða vatnið fyrir en ísinn styrktist. Fyrsta daginn sem leitað var fannst ekkert. Dreyndi þá Guðmund Bjarnason, bónda að Staffelli, að Margrét kæmi til sín og segði: “Æ, mér er svo kalt.” Næsta dag var leitað og til einskis. Dreyndi Guðmund hana aftur og að hún segði: “Æ, mér er svo kalt. Reyndu að krækja í mig.” Sagði hún Guðmundi að næstum hefði honum tekist að krækja í hana og sagði hverju munaði. Daginn eftir slæddi Guðmundur hana upp úr vatninu. Eftir þetta þóttust óskyggir og skyggir menn sjá hana ganga ljósum logum,

einkum undan Staffells- og Hafrafellsmönnum.¹ Oddur og Sigríður færðu safninu krók sem lík Staffells-Möngu átti að hafa verið dregin upp á. Sögðu þau ennfremur að Runólfur Sigfússon hafi notað trissu í hjáleiguhúshlöðu í Staffelli til að krækja í líkið og draga það upp. Krókurinn var alltaf geymdur í hlöðunni að Staffelli og hafði verið týndur í áratugi. Fannst hann á hlöðugólfinu í Staffelli og taldi Oddur krókin eiga best heima á safni, enda sagan á bak við hann áhugaverð.

Finnur Þorsteinsson færði safninu forlata safn af leikföngum, 21. talsins. Hafði hann fengið leikföngin flest að gjöf sem barn og voru mörg leikfanganna keypt í Amaro, Akureyri. Leikföngin voru vel með farin og góð viðbót við fjölbreytta flóru safngripa Minjasafns Austurlands.

Talvert kom inn af textíl á árinu. Margrét Björgvinsdóttir frá Neskaupsstað færði safninu falleg peysuföt. Rannveig Hrund Vernhardsdóttir, búsett í Danmörku, gaf fallegan fermingarsilkikjól, sem Kristín Sigfúsdóttir, saumakona á Seyðisfirði saumaði árið 1951. Nanna Sigurðar, Stafafelli í Lóni færði safninu ennfremur glæsilegan skautbúning. Kristín Beck færði safninu 26. textílmuni, flesta unna af móður gefanda, Ingeborg Nielsen. Kristbjörg Selnes, búsett í Noregi, sendi safninu 5. textílmuni er Guðrún Björg Ingvarsdóttir, móðir gefanda, hafði saumað. Guðrún var f. 1.12 1896 og d. 3.12 1967, nemandi í Kvennaskóla Reykjavíkur veturinn 1914-1915.

Fjölpir Björn Hlynsson færði safninu einstaka útskorna stimpla, átta talsins, sem afi hans, Halldór Sigurðsson, útskurðarmeistari að Miðhúsum hafði unnið vegna ýmskonar skemmtanahalds á Héraði.

Talsverður fjöldi trésmíðagripa komu inn á árinu. Frá Sveini Árnasyni, fyrrverandi útibússtjóra Sparisjóðs Neskaupsstaðar komu 45. smíðagripir. Guðmundur Björnsson, frá Múla í Álftafirði færði safninu einnig trésmíðagrip, 14. talsins.

Finnur Nikulás Karlsson og Rannveig Árnadóttir færðu safninu 29. grip, úr búi foreldra Finns að Gunnlaugsstöðum, Önnu Bjargar Sigurðardóttur og Karls Nikulássonar.

Jón Pétursson færði safninu stórt safn muna er tengist sögu héraðsdýralæknaembættisins á Egilsstöðum, samtals 46. grip. Á safnið eftir að sækja fleiri muni heim til Jóns.

Hjörleifur Guttormsson færði safninu, f.h. systkina sinna, 4. grip úr eigu Páls Guttormssonar heitins, bróður gefanda.

Einn af athyglisverðustu mununum er komu á safnið á árinu var lomber-spilakassi, sem Ríkharður Jónsson smíðaði úr við úr Hallormsstaðaskógi. Sveinn Ingimar Björnsson frá Heykollstöðum í Hróarstungu færði safninu gripinn, sem hafði verið í eigu Sveins Bjarnasonar, fósturföður gefanda. Sveinn Bjarnason var í fjöldamörg ár lomber-spilafélagi Einars í Fjallsseli og Gísla í Skógargærði og gáfu þeir honum spilakassann. Á safnið komu samtals 9. hlutir frá Sveini Ingimari Björnssyni.

¹ Sigfús Sigfússon, Íslenskar þjóðsögur og sagnir, II. Bind. Útg. 1982: bls. 97-100.

INNLAN – ÚTLÁN

Útlán á árinu voru óvenjulega mikil, sem sýnir hve safnið er virkt í samfélaginu. Sigurður Blöndal, fyrrverandi skógræktarstjóri, hafði frumkvæði af því að senda olíumálverk af birkitrjám, sem Jóhannes Kjarval málaði árið 1922, í viðgerð til forvörslufyrirtækisins Morkinskinnu, í kjölfarið af því að Búnaðarsambandið óskaði eftir því að fá mynd af málverkinu á forsíðu rits sambandsins. Skógræktarfélag Íslands tryggði myndina í flutningunum. Ástand verksins hafði verið slæmt í áratugi, hafði það verið rúllað saman og kramist, þannig að brot voru komin víða í listaverkið. Málverkið (MA 135/1984) fór til forvörslu í Morkinskinnu og kom í nóvember aftur á safnið í mjög góðu ástandi.

Í janúar fékk Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir lánaða 5. gripi til að sýna í tengslum við fyrirlestur um textíl og þrjón að Skriðuklaustri. Harpa Rós Björgvinsdóttir, kennari við Fellaskóla, fékk lánaða átta safngripi, tengdum lifnaðarháttum fyrr á öldum, til að nota við kennslu frá janúar til apríl. Kristín Rögnvaldsdóttir fékk lánuð 4. pör af vettlingum í febrúar, til að taka upp gömul mynstur. Í mars lánaði safnið Leikfélagi M.E. 7. safngripi til sýninga í tengslum við uppfærslu á Sturlungasögu. Í apríl voru gripir er tengdust hvalveiðimennsku lánaðir til sýninga á Byggðasafn Hafnarfjarðar. Hallormsstaðaskóli fékk einnig lánaða í apríl safngripi, tengda sögu skólans, til sýningar á árshátíð. Húsgögn voru lánuð á álfasýningu að Skriðuklaustri í júlí. Í ágúst fékk Muff Warden lánaða norska og seyðfirska gripi, 9. að tölu, ásamt myndum frá Þórarinsstöðum, til að sýna á Norskum dögum á Seyðisfirði. Rúnasteinn, (MA 15/1977) var sendur ítölskum sérfræðingum til greiningar að Skriðuklaustri. Rarik fékk 33. muni lánaða í mars á sýningu í Stöðvarhúsinu í Fjarðarseli á Seyðisfirði. Leikfélag Fljótsdalshéraðs fékk enn fremur lánaðan einn grip til að nota í leikmynd Gaukshreiðrisins, sem sett var upp í október.

STYRKIR

Minjasafn Austurlands fékk styrk frá Vegagerð Ríkisins upp á rúmar tvær milljónir kr. til að breyta vegi og aðkomu við Kjarvalshvamm. Helgi Arngrímsson frá Borgarfirði eystra átti hugmyndina að breyttri aðkomu að hvamminum. Reynir Arnórsson, umferðarfulltrúi á Djúpavogi hafði áður gert athugasemdir við umferðaröryggi á svæðinu. Má því segja að þeir báðir, ásamt Vegagerð Ríkisins hafi haft heiðurinn af því að bæta aðgengi við Kjarvalshvamm.

Í ársreikningi eru færðir styrkir á árinu kr. 1.920.000. Rekstrarstyrkur úr safnasjóði nam kr. 1.500.000. Frá Safnasjóði kom einnig kr. 100.000 styrkur í Sarp. Ýmis framlög námu kr. 320.000 og skiptust í eftirfarandi styrki: Menningarráð Austurlands veitti Tækniminjasafni Austurlands og Minjasafni Austurlands samtals kr. 400.000 (200.000 til Minjasafns Austurlands) til vinnu við “Hvernig Var?” safnakennslubækurnar. Elín Helena Evertsdóttir, nýútskrifaður myndlistarnemi, kom til starfa á safninu í maí og vann í tvo mánuði við hönnun á myndefni bókar safnsins, sem mun fá heitið “Karl í Koti” og fjallar um líf barna í koti á heiði. Í myndefninu gefur að líta safngripi frá Minjasafni Austurlands. Á árinu náðist ekki að fjármagna prentun, enda talsverð vinna eftir í textagerð. Haldið verður áfram að leita fjármagns til útgáfu

verksins á næsta ári. Eins og áður sagði styrkti Austur-Hérað framkvæmdir í Kjarvalshvammi með því að greiða fæðiskostnað vinnuhópsins, sem nam kr. 20.000. Menningarsjóður Kaupfélags Héraðsbúa styrkti framkvæmdir með 50.000 kr. styrk, sem nýttur var í efniskaup. Menningarsjóður Kaupfélagsins styrkti ennfremur flutningu sýningarinnar *Mörk Heiðni og Kristni* úr sýningarsal á neðri hæð í aðalsýningarsal um kr. 25.000. Að lokum styrkti Menningarsjóður félagsheimila safnið um kr. 25.000 í ferðakostnað vegna Klaustursverkefnisins, sem unnið var á árinu 2002. Er öllum þessum aðilum þakkaður veittur stuðningur við safnið á árinu.

LOKAORÐ

Ný safnalög voru samþykkt árið 2001 (nr. 106/2001). Í 4. gr. þeirra segir:

“Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.”

Í meginráttum er þetta hlutverk Minjasafns Austurlands. Safn hefur mörgum skyldum að gegna. Grundvallaratriði í rekstri safnsins er að fjárveitingar séu það nægar að safnið nái að uppfylla öll þessi skilyrði. Það sem skilur söfn helst frá setrum eru þær skyldur sem söfn þurfa að uppfylla, auk þess sem að söfn eru fyrst og fremst þjónustustofnanir sem varðveita, rannsaka og miðla menningararfinum til almennings.

Í skýrslunni *Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003 til 2008*, sem kom út á vegum Menntamálaráðuneytisins í júní 2003, eru fjögur meginmarkmið. Stefnt er að því að efla tengsl Þjóðminjasafn Íslands sem höfuðsafns við byggða- og minjasöfn um land allt, þannig að þau myndi samstarfsnet um minjavörslu undir forystu þess. Í annan stað að auka fagmennsku á fjórum helstu verksviðum byggða- og minjasafna á landinu, þ.e. varðveislu, rannsóknum, skráningum og miðlun. Í þriðja lagi að koma á aukinni samvinnu og samstarfi safnmanna, milli safna og við aðrar menningarstofnanir hérlendis og erlendis, ásamt því að fjölga safngestum og auka vægi safnanna í fræðsluhlutverki gagnvart skólakerfinu og þátttöku í ferðaþjónustu. Í fjórða lagi er stefnt að því að auka rekstrarfé með öllum ráðum, finna nýjar tekjuleiðir og hagræða í rekstri þar sem því verður við komið.

Í skýrslunni segir að vönduð og aðgengileg skráning sé ein af grundvallarreglum safnastarfs. Kemur þar fram að þróaður hafi verið sameiginlegur gagnagrunnur minjavörslunnar í því skyni að staðla og samræma skráningu, bæta aðgengi að upplýsingum um muni og tryggja sem best varðveislu upplýsinga með nútímataækni. Heitir gagnagrunnur þessi Sarpur og er lagt til að öll söfn gerist aðilar að honum á tímabilinu 2003-2008.

Hvernig gengur að uppfylla þessi skilyrði á Minjasafni Austurlands? Safnið stendur það vel að allar skráningar um safngripi hafa verið unnar frá 1996 í File Maker Pro skráningarkerfi. Ljóst er engu að síður að mikil vinna liggur í samræmingu þessara gagna í skráningarkerfi Sarps, en sú vinna er á byrjunarstigi. Starfsfólk safnsins hefur ekki nægilega mikla sérþekkingu á gagnaflutningnum og enn hefur ekki fengist nægilegt fjármagn til að leggja í fullan flutning gagna yfir í Sarp. Er stefnt að því

að fá nægilegt fjármagn á árinu 2004 til að ganga frá flutningi allra tölvuskráðra gagna í Sarp.

Eitt af verkefnum Minjasafns Austurlands er að fastmóta söfnunarstefnu. Árið 1999, er samstarfssamningur var gerður af aðildarsveitarfélögum um rekstur Minjasafns Austurlands var kominn vísir að söfnunarstefnu. Þar segir í 2. gr. um hlutverk Minjasafns Austurlands: *“1. Að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um austfirsku búhætti, atvinnulíf og daglegt líf, samkvæmt nánari skilgreiningu á söfnunarsviði, og veita fræðslu um þær.”* Þetta er mjög víð skilgreining á söfnunarsviði. Sú nánari skilgreining á söfnunarsviði, sem vísað er til í textanum, er ekki enn orðin fastmótuð og kominn tími til að halda áfram með hugmyndavinnu varðandi söfnunarstefnu. Miðað við þann kostnað sem hver og einn safngripur hefur, er ljóst að ekki er hægt að safna öllu sem viðkemur austfirskum atvinnuháttum, búháttum og daglegu lífi. Ennfremur þarf að skilgreina betur hlutverk Minjasafns Austurlands og hlutverk þess út frá safnalögum sem tóku gildi árið 2001, sérstaklega út frá breyttu hlutverki minjavarða, sem áður voru undir hatti Þjóðminjasafns, en eru nú starfandi undir merkjum Fornleifaverndar ríkisins. Þó má segja austfirskum söfnum það til hróss, að fyrir löngu er komin á ákveðin verkaskipting með ólíkri söfnunarstefnu Minjasafns Austurlands, Tækniminjasafns Austurlands, Sjóminjasafns Austurlands, Náttúruminjasafni Austurlands og Stríðsárasafni Austurlands. Þessi söfn geta vísað á hvert annað varðandi söfnun ákveðinna minja. Síðan eru smærri söfn á svæðinu sem hafa enn niðurnjörvaðri söfnunarstefnu, svo sem safn Ríkharðs Jónssonar í Löngubúð, safn Jósafats Hinrikssonar á Norðfirði og fleiri.

Á árinu náðust nokkur af þeim markmiðum er safnstjóri setti sér í upphafi árs; sinnt var viðhaldi í Kjarvalshvammum og Geirsstaðakirkju, sumardagskrá safnsins var lifandi og skemmtileg og safnið var virkt í ýmskonar starfsemi sem tengdi saman arfleifð svæðisins við daglega starfsemi, s.s. leiklist, kennslu í skólum og uppsetningu sýninga á svæðinu. Skráning starfsmanna safnsins á safngripum var einnig til sóma og óvenju margir gripir komu inn á árinu. Telja má að safnið hafi verið rekið ágætlega á árinu miðað við hve miklu tókst að koma í verk á ólíkum sviðum.

Enn sem fyrr lýkur ársskýrslu safnsins á þeirri frómu ósk að á næsta ári muni fjárveitingar til safnsins endurspegla þær kröfur sem gerðar eru til þess og að þau markmið náist á næsta ári, sem sett eru í lok þessa árs. Er þar fremst endurnýjun tölvukosts safnsins, sem og færsla í skráningarkerfið Sarp.